

## Karлакór Kjalnesinga hátíðlegir

Á laugardaginn 23. nóvember nk. mun Karлакór Kjalnesinga koma fram á söngskemmtun í Hlégarði. Þar mun kórinn syngja nokkur vel valin lög af disknum Riggarobb sem hljómsveitin Papar hafa gefið út. Paparnir sjá að sjálfsögðu um undirleik og munu þeir svo spila undir á almennum dansleik fram á rauða nótt.

Karлакórinn hefur ekki setið auðum höndum í haust og í lok mánaðarins kemur út diskur þar sem kórinn syngur 10 jólalög án undirleiks. Á disknum má finna lög eins og Kemur heilög hátíð, Heims um ból, Guðs Kristni í heimi og Nóttin var sú ágæt ein.

Karлакór Kjalnesinga var stofnaður árið 1991 af Páli Helgasyni ásamt nokkrum félögum. Kórinn hefur á að skipa um 40 söngmönnum, af Kjalarnesi, Mosfellsbæ og víðar.



Á myndinni má sjá Karлакór Kjalnesinga syngja á Íslendingadeginum í Mountain, sumarið 1999.